



**93. fundargerð háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH)**  
**16. mars 2023, kl. 15:00-17:10 (í stofu 302 og á Teams)**

**Fundinn sátu:** Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, séra Gísli Gunnarsson (varamaður Lilju S. Pálmadóttur), Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

Elisabeth Jansen, deildarstjóri Hestfræðideildar kom inn á fundinn undir 6. dagskrárlíð. Lilja S. Pálmadóttir og Róbert Smári Gunnarsson boðuðu forföll.

1. Drög að dagskrá voru samþykkt.
2. Fundargerð nr. 92 var samþykkt.
3. Rektor kynnti uppfærslu á reglum um framgang akademískra starfsmanna. Háskólaráð samþykkir framsett drög með þeirri breytingu að mannauðsráðgjafi *eða staðgengill hans taki á móti umsóknum*.
4. Húsnæðismál. Rektor sagði frá tillögu að nýbyggingu fyrir Fiskeldis- og fiskalíffræðideild á Sauðárkróki. Lagt er til að byggt verði svokallað frumhús til tímabundinnar rannsóknaraðstöðu sem seinna getur gegnt hlutverki geymslu, verkstæðis, kaldrymis og rýmis fyrir þá starfsemi sem hentar ekki í væntanlega nýbyggingu, sem verður 5000m<sup>2</sup> hús byggt á sömu lóð. Rekstar- og framleiðsluleyfi 600 tónna af bleikju hafa verið færð frá FISK Seafood yfir til Háskólans á Hólum. Áform eru um að leigja þann hluta sem háskólinn þarf ekki á að halda út til fiskeldisfyrirtækja frá og með hausti 2023.

Áform vegna aðalbyggingar eru hin sömu og fram komu á 92. fundi háskólaráðs. Innan HVIN ráðuneytis hefur verið stofnað Hólategymi sem mun annast ýmis málefni sem tengjast háskólanum: T.d. Brúnastaðir, gamla ferðapjónustan, nýbyggingin á Sauðárkróki, aðalbyggingin og Nemendagarðar. Í teyminu eru m.a.: Sigurður Steingrímsson, Þórarinn Sólmundarson, Ari Sigurðsson og María Guðjónsdóttir.

5. Starfsmannamál.
  - a) Stefán Óli Steingrímsson, deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar óskar eftir rannsóknarleyfi tvö misseri, haust 2023 og vor 2024. Háskólaráð samþykkir umsóknina.
  - b) Nýráðning. Margrét Hulda Rögnvaldsdóttir hefur verið ráðin sem ræstitæknir á Sviði mannauðs, gæða og rekstrar.
6. Starfsemin. Elisabeth Jansen, deildarstjóri hestafræðideildar fór yfir starfsemi deildarinnar. Nemendur eru um 50 talsins og um 30% þeirra erlendir. Hestafræðideild er

eina háskóladeildin í reiðmennskufræðum á sviði íslenska hestsins í heiminum. Talið er að á heimsvísu séu alls um 200 þúsund íslensk ættuð hross á fæti og er mikill áhugi á íslenska hestinum. Leitað er til Hestafræðideildar um fræðslu úr öllum heimshornum varðandi fræðslu um íslenska hestinn og er skólinn þátttakandi í mörgum alþjóðlegum verkefnum. Markaðssetning Hestafræðideildar er fyrst og fremst í gegnum nemendur og eftirspurnin er stöðug þrátt fyrir að erlendir nemendur verði að læra íslensku og þiggja kennslu á því tungumáli. Rannsóknir á möguleikum til heilsueflingar út frá hestinum/hestamenskunni fara vaxandi og sömuleiðis allt sem tengist velferð dýra. Skólinn útskrifar fagmenn sem geta gert sig gildandi í báðum þeim atriðum. Meistaránám er hafið og er einn meistaránemi í rannsóknum um hvort/hvernig þyngd knapa skiptir máli í reiðmennsku. Unnið er að því að setja á fót járnninganám og þróa Akademiú íslenska hestsins í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Keldur (Tilraunastöð Háskóla Íslands). Áhugi er fyrir að koma á samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um meistaránám í reiðkennslu. Deildin þarf að koma á símenntunar-/endurmenntunarnámskeiðum til að geta komið til móts við eftirspurn frá atvinnulífinu. Mikilvægt er að deildin auglýsi eftir lektor fljótlega. Um 60 hestar sem skólinn á eru notaðir í kennslunni, auk hrossa sem nemendur koma sjálfir með.

#### 7. Önnur mál.

Framkvæmdaráð vill að markaðsmál skólans verði tekin föstum tókum og auglýsingastofan Pipar/TBWA hefur verið fengin til að skoða þau mál.

Rætt hefur verið við endurmenntunar/símenntunarstofnanir annarra háskóla á Íslandi um mögulegt samstarf.